

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga

og

## Samflots bæjarstarfsmannafélaga

(Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsvíkur og Starfsmannafélag Vestmannaeyja)

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 30, þann 8. maí 2015.

Mætt var frá Samfloti starfsmannafélaga, Guðbjörn Arngrímsson og Helga Hafsteinsdóttir. Frá SNS: Benedikt Þór Valsson og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

### 1. Röðun starfsmanna í sundlaug sveitarfélags

Á 51. fundi samstarfsnefndar komst samstarfsnefnd að niðurstöðu í málinu, sem ekki hefur gengið eftir í framkvæmd. Samstarfsnefndin er sammála um að leita lausna í málinu.

### 2. Komandi kjarasamningar

Fulltrúar Samflots lögðu fram samkomulag 7 stéttarfélaga um samstarf við undirbúning og vinnu í tengslum við kjarasamninga félaganna og viðsemjendur þeirra.

#### Niðurstaða:

Aðilar ræddu innihald samkomulagsins og fyrirkomulag komandi kjaraviðræðna.

### 3. Vald samstarfsnefndar og eftirfylgni á sameiginlegri niðurstöðu hennar

Samstarfsnefnd er formlegur vettvangur samskipta samningsaðila á gildistíma kjarasamnings og hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamninga og úrskurða í ágreiningsmálum. Samstarfsnefnd hefur einnig það hlutverk að vinna úr bókunum með kjarasamningi milli kjaraviðræðna. Ákvarðanir og úrskurðir samstarfsnefnda hafa kjarasamningsgildi og eftir þeim ber viðsemjendum að fara.

Sveitarfélög veita stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir sína hönd með formlegu samkomulagi. Með því skuldbindur sveitarfélagið sig til að hlíta markmiðum og stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í kjaramálum og þeim kjarasamningum sem stjórn sambandsins gerir fyrir þess hönd í öllum atriðum. Eftir að hafa veitt fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar er sveitarfélaginu ekki heimilt að hafa afskipti af kjarasamningsgerð sem umboðið nær til, án milligöngu sambandsins. Ef sveitarfélag rýfur að mati sambandsins það samkomulag sem gert hefur verið, getur sambandið skilað öllum kjarasamningsumboðum sem sveitarfélagið hefur veitt henni og hætt þjónustu við sveitarfélagið á sviði kjaramála.

Fleira ekki gert og fundi slitið.